

Greinargerð um bílaútgerð
Jarðeðlisfræðideildar

Ólafur G. Flóvenz

Greinargerð ÓGF-92/10

Greinargerð um bílaútgerð Jarðeðlisfræðideildar

Óskað er eftir heimild til að selja báða bíla jarðeðlisfræðideildar og kaupa í staðinn nýjan MMC L-300, sem er fjórhjóladrifin frambyggð sendibífreið.

Síðustu 15 ár eða svo hefur Jarðeðlisfræðideild átt og rekið tvo bíla sjálf en auk þess tekið á leigu fleiri bíla um skemmri tíma þegar verkefni hafa verið mikil. Nú hafa átt sér stað talsverðar breytingar í starfi jarðeðlisfræðideildar með tilkomu TEM-mælinga sem gerðar eru að vetrarlagi á snjó. Þetta hefur dreift vinnuálaginu betur á árið, dregið úr álagstoppi sumarsins. Það hefur jafnframt í för með sér að deildinni nægir að hafa einn góðan bíl til umráða en stutta álagstoppa má leysa með bílaleigubílum eða notkun starfsmannabífreiða.

Báðar bífreiðar jarðeðlisfræðideildar eru nú nánast ónothæfar. Önnur þeirra, Volvo Lapplander árg. 1980 hefur nær ekkert verið notuð í ár enda þarf að leggja í mikinn viðhaldskostnað til að gera hana nothæfa. Hin, UAZ (frambyggður rússi) árgerð 1989 hefur verið í mikilli notkun í ár. Hún er einnig örðinn mjög léleg, bilanatsðni mjög mikil og tafir, óþægindi og kostnaður við rekstur hennar mikill. Eigi að nota bílinn áfram er fyrirsjáanleg stórviðgerð á honum. Það er þó hvað verst að mjög erfitt er að fá í hann varahluti vegna upplausnarinnar í Rússlandi. Bífvélavirkjarnir sem annast viðhaldið eyða drjúgum tíma í að leita að nothæfum varahlutum í bílhæjum sömu gerðar.

Bífreið sú sem óskað er eftir að kaupa er af gerðinni Mitsubishi L-300. Kaupverð er áætlað 1.750.000 kr. Henni fylgir 3ja ára ábyrgð, sem þýðir að enginn viðgerðarkostnaður fellur á hana á fyrstu þremur árunum. Áætlað er að fjármagna kaupin á eftirfarandi hátt:

Viðbótarframlag á endursk. áætlun JHD	1.000.000
Greitt af rekstraráætlun bífreiða JEL	300.000
Sala 2ja eldri bíla	300.000
Sparnaður í rekstri tækja JEL (frestun á pöntun varahluta)	150.000
SAMTALS	1.750.000

Áætlað er að beinn sparnaður af viðhaldi á þeim þremur árunum sem bílinn er í ábyrgð nemi um 400.000 kr á ári eða alls 1200.000 kr. Auk þess er um sparneytnari bíl að ræða þannig að einhver sparnaður verður í eldsneytiskostnaði. Þá er ótalinn sá óbeini sparnaður sem kemur vegna rekstraröryggis nýs bíls.

Miðað við tækjaskýrslur ársins í ár má reikna með að bíll verði notaður a.m.k. 90 daga á ári. Beinn kostnaður (daggjald og km-gjald) við sams konar bílaleigubíl í 90 daga næmi 650.000 kr/ár, miðað við ríkisverð. Við þá upphæð má trúlega bæta 20% a.m.k. vegna þess að umrædd 90 daga notkun miðar eingöngu við þá daga sem bílinn er í beinni notkun. Bílaleigubíl þyrfti að hafa talsvert lengur, bæði vegna þess að það tekur alltaf nokkurn tíma að setja í hann þann sérútbúnað sem þarf til mælinga og vegna þess að tæplega tæki því að skila bílnum inn t.d. í helgarleyfum. Því sýnist mér nokkuð augljóst að það kostaði a.m.k. 800.000 krónur á ári að nota bílaleigubíl í stað þess að reka eigin bíl.

Mér sýnist dæmið því líta þannig út:

KOSTNAÐARLIÐUR	ÁRLEGUR KOSTN. KOSTN. kr/ár	HEILDARKOST. Í 5 ÁR kr.
NÝR L-300:		
Árgjald af stofnkostnaði (6% vextir, afskrifaður á 5 árum)	420.000	2.100.000
árlegur rekstur (tryggingar, bensín ofl)	200.000	1.000.000
viðhald í 2 ár (eftir að ábyrgð lýkur)	200.000	400.000
SAMTALS		3.500.000
Árlegur kostnaður m.v. 5 ára rekstur:		700.000

**ÁFRAMHALDANDI REKSTUR
UAZ BÍLS Í 2 ÁR:**

Árgjald af stofnkostnaði (2 ár, 6% vextir)	120.000	240.000
árlegur rekstur (trygg., bensín ofl.)	250.000	500.000
viðhald	400.000	800.000
SAMTALS		1.540.000
Árlegur kostn. m.v. 2ja ára rekstur í viðbót		770.000

BÍLALEIGUBÍLL:

Daggjöld í 90 daga	286.000
km-gjald 12.000km/ár	371.000
bensín	150.000
20% nýtingarálag á daggjöld	60.000
SAMTALS	867.000
Árlegur kostnaður	867.000

Í dæminu um áframhaldandi rekstur UAZ bílsins er ekkert tillit tekið til kostnaðar og óhagræðis sem felst í mjög hárrí bilanatíðni. Þá er viðhaldskostnaður trúlega vanmetinn enda er bíllinn í mjög slæmu ásigkomulagi. Þá er ekki heldur tekið tillit til þess að mjög erfitt er að fá varahluti í UAZ bíla.

Af ofansögðu má ljóst vera að það er beinn fjárhagslegur ávinningur af því að leggja út í kaup á nýjum bíl eins og hér er lagt til.